

## REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1567/2005

2008/EES/45/16

frá 20. september 2005

## um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt a-lið 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 <sup>(1)</sup> geta lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum veitt heimildir til að markaðssetja vörur sem fluttar eru inn frá þriðja landi, sem ekki er að finna í listanum sem um getur í a-lið 1. mgr. þeirrar greinar, til 31. desember 2005.
- 2) Í orðsendingu sinni til Evrópuþingsins og ráðsins 10. júní 2004 varðandi aðgerðaáætlun ESB um lífrænt framleidd matvæli og lífrænan búskap tilkynnti framkvæmdastjórnin að hún mundi leggja til að reglugerð (EBE) nr. 2092/91 verði breytt þannig að í stað gildandi innlendra undanþágna vegna innflutnings komi nýtt, varanlegt kerfi, byggt á tæknilegu jafngildismati aðila sem framkvæmdastjórnin felur það verkefni.

3) Nauðsynlegt er að ætla nægan tíma til að þróa þetta nýja, varanlega kerfi og koma því á.

4) Þangað til ber að forðast óþarfa röskun á viðskiptum með lífrænt framleiddar vörur og því eru núverandi aðlögunarráðstafanir framlengdar um eitt ár.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 2092/91 til samræmis við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í a-lið 6. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 komi dagsetningin „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. september 2005.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BECKETT

forseti.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 252, 28.9.2005, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 28, 1.6.2006, bls. 8.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1336/2005 (Stjtið. ESB L 211, 13.8.2005, bls. 11).